

Lög

um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (dvalarleyfi vegna iðnnáms).

1. gr.

15. tölul. 3. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Fullt nám er samfellt nám á háskólastigi, þ.m.t. nám á háskólastigi sem fram fer á vinnustöðum, eða annað það nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Sá sem sækir einstök námskeið telst ekki stunda fullt nám.
- b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að veita útlendingi dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. vegna iðnnáms og viðurkennds starfsnáms á framhaldsskólastigi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 22. desember 2017.